

VII) Leyfi flugmálastjóra, eða staðfest afrit af því, skal vera í loftfari því, sem flytur fjölferðahópin. Skal skylt að sýna það, ef krafizt er, fulltrúum flugmálastjóra og öðrum opinberum starfsmönnum, sem hlut eiga að máli.

IV. Einkaflug.

13. gr.

Leyfi þarf ekki til einkaflugs inn í, frá eða í íslenskri lofthelgi, í erlendu loftfari, sem er skráð í ríki, sem er aðili að Chicago-sáttmálanum.

14. gr.

Einkaflug frá eða í íslenskri lofthelgi, í erlendum loftförum, skráðum í ríkjum, sem ekki eru aðilar að Chicago-sáttmálanum, er bundið fyrirfram fengnu leyfi og skulu umsóknir um slík leyfi sendar utanríkisráðuneytinu, með sama fresti og um getur í 9. gr.

Í umsókn skulu eftirtalin atriði greind:

- a. Þjóðerni, skrásetningarmarki og tegund loftfars.
- b. Nafn, ríkisfang og heimilisfang eiganda og flugstjóra.
- c. Leið sú, sem fljúga skal, ákvörðunarstaður, og upplýsingar um, hvar skuli flogið inn í lofthelgi Íslands og hvenær.
- d. Tala þeirra, sem í loftfarinu eru.
- e. Fjarskiptabúnaður og tíðni.

15. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum, svo og afturköllun leyfa, sé slíkt framkvæmanlegt að dómi flugmálastjóra og synjun frekari leyfa fyrir sama aðila.

16. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. apríl 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Hafnarfirði.

Fasteignaskatt í Hafnarfirði skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.